

Leiðbeiningar um útfyllingu umsóknar um styrk til leiklistarstarfsemi

Leiðbeiningar um útfyllingu umsóknar um styrk til leiklistarstarfsemi skv. 14. gr. leiklistarlaga nr. 38/1998

Við útfyllingu á umsóknareyðublaði leggur Leiklistarráð sérstaka áherslu á:

- að umsókn gefi skýra og greinargóða mynd af ætlun umsækjenda
- að umsækjendur skilgreini markmið sín með viðkomandi verkefni
- að umsækjendur geri glögga grein fyrir mikilvægi verkefnisins í íslensku sviðslistaumhverfi.

Umsóknareyðublað

Vinsamlegast athugið að sama eyðublað er notað fyrir allar sviðslistir. Því eiga ekki allir útfyllingarreitir við allar umsóknir. Fyllið eingöngu út í þá reiti sem eiga við ykkar umsókn. Leiklistarráð leggur sérstaka áherslu á að allir umsækjendur skrifi ítarlegar greinargerðir í reitina:

- tegund verkefnis
- lýsing verkefnis
- markmið umsækjanda og mikilvægi verkefnisins í íslensku sviðslistaumhverfi

Sýn og markmið umsækjanda skiptir meginmáli við mat á umsókn.

Fjárhagsáætlun

Leiklistarráð leggur áherslu á að kostnaðaráætlanir umsækjenda séu raunhæfar miðað við forsendur verkefnisins. Með raunhæfum kostnaðaráætlunum er átt við að kostnaðarreikningur við alla vinnu- og efnisþætti skal unninn út frá raunhæfum forsendum kostnaðar á hverjum tíma. Umsókn með augljósa vankanta hvað varðar fjárhagsáætlun, verður vísað frá og ekki tekin til greina.

Í umsókn ber umsækjanda að skila inn áætlun um kostnað á frumsýningardegum eða við lok á verkefni. Við lok sýninga eða verkefnis ber síðan að skila inn uppgjöri og er þá fyllt inn í upphaflega kostnaðaráætlun í þá reiti sem merktir eru "Raunkostnaður".

Starfssamningar

Ef umsækjendur ætla jafnframt að sækja um starfssamninga við menntamálaráðuneytið og sveitarfélög [skv. 16. gr. leiklistarlaga](#) er þeim bent á að skrifa ítarleg erindi til menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélags. Þessi umsókn tekur ekki til slíkra samninga.

Kynningarefni

Styrkþegar skulu taka fram í öllu kynningarefni að verkefni njóti stuðnings Leiklistarráðs menntamálaráðuneytisins.

Starfslaun listamanna

Umsækjendum er bent á að kanna hvort verkefni þeirra eru styrkhæf skv. 9. gr. laga um

listamannalaun nr. 57/2009. Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Listasjóðs:
www.listamannalaun.is

Skil á umsóknum

Umsóknum skal skilað útprentuðum til menntamálaráðuneytisins, Sölvhólsgrötu 4, 150 Reykjavík, merktar Leiklistarráði. Einungis þarf að skila útfylltum umsóknareyðublöðum og hugsanlegum fylgiskjöllum.